

**Sp.**

**142. Fyrirspurn**

[137. mál]

til iðnaðarráðherra um Sjóefnavinnsluna hf., Reykjanesi.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvenær má vænta þess, að Sjóefnavinnslan hf. á Reykjanesi verði farin að framleiða þau 8000 tonn af salti, sem heimilað var, miðað við ársframleiðslu?
2. Hvað safnaðist mikið hlutfé til fyrirtækisins í framhaldi af auglýsingaherferð um s.l. áramót:
  - a) frá sveitarfélögum,
  - b) frá einstaklingum?
3. Hvað kostaði umrædd auglýsingaherferð?
4. Hvernig hefur sá búnaður, sem nota átti við framleiðsluna, reynst?
5. Hvað hafa framkvæmdirnar kostað til þessa:
  - a) á þessu ári,
  - b) frá upphafi?
6. Hvað er fyrirhugað að verja miklu fé til framkvæmda á þessu ári?
7. Hvað er áætlað að 8000 tonna verksmiðja muni kosta fullbúin?
8. Hverjar eru markaðshorfur fyrir framleiðslu verksmiðjunnar, þ. e. fyrir:
  - a) grófsalt,
  - b) fínsalt,
  - c) kalí,
  - d) kalsíumklóríd,
  - e) ýmis sölt (í neytendapakkingum)?
9. Hvar eru fyrirhugaðir markaðir?
10. Byggjast aðsemisútreikningar fyrir verksmiðjuna á traustum upplýsingum um markaðsverð afurða?